

„Allir eru þeir eins“ á Grenivík

Grenivík 1. marz 1980.
LEIKFÉLAGIÐ Vaka í Grýtu-bakkahreppi hefur að undanfögnu sýnt gamanleikinn „Allir eru þeir eins“ eftir Joyce Raybum á Grenivík og viðar við mjög góðar undirtektir.

Fréttaritari Mbl. á Grenivík leit inn fyrir skömmu hjá Sigurði Þórisssyni bónda að Hléskógum í Grýtu-bakkahreppi til að inn hann fréttu af starfsemi leikfélagsins, en Sigurður er formaður Vöku.

Hvenær var Leikfélagið Vaka stofnað?

Leikfélagið Vaka var stofnað árið 1976 og eru félagar rösklega 60 talsins. Annars má segja að hér hafi verið leikfélag frá aldamótum því menn æfðu hér leikrit í Gamla salthúsinu á Kljáströnd í gamla daga og svo seinna settu Kvenfélagið og Íþróttfélagið Magni upp leiksýningar. Annars er þetta 5. verkefnið sem Vaka setur upp

síðan félagið var formlega stofnað.

Um hvað fjallar verkið?

Leikurinn fjallar eiginlega um iðnrekanda sem er í sumarbústað við Þingvallavatn. Ástamál, hjónaband, kynslóðabil og þess háttar. Annars getur það sem gerist í leiknum allt eins verið að gerast í þjóðfélaginu í dag.

Hver er leikstjóri?

Auður Jónsdóttir leikstýrir verkinu og er þetta í annað sinn sem hún leikstýrir verki fyrir okkur.

Hvað hafa æfingar staðið lengi yfir?

Við höfum æft á hverju kvöldi og um allar helgar í fimm vikur samfleytt. Fólkið hefur verið mjög duglegt að mæta á æfingar. Sumar konurnar vinna úti allan daginn, hugsa um bú og börn og mæta svo á æfingar í frítímum.

Karlmenirnir hafa sett af sér vinnu til þess að mæta á æfingar enda var ekkert skritið þegar einn leikari átti að mæta á æfingu en hann er líka í kirkjukórnum að hann ruglaðist í ríminu og fór upp í kirkju til þess að æfa sig að syngja og söng þar hástöfum þegar að var gáð.

Hverjir leika í leikritinu?

Eins og ég gat um eru leikarar 5 talsins, Oddný Guðmundsdóttir leikur frúna, Sigurður Þórisson fer með hlutverk bóndans, Ómar Steindórsson leikur heimilisvin, Þorvaldur Kristjánsson leikur soninn og Hólmfríður Hermannsdóttir fer með hlutverk vinkonu sonarins. Og eins og áður sagði er Auður Jónsdóttir leikstjóri og hún ásamt Sveini Sigurbjörnssyni hönnuðu leikmynd.

Hvað hafið þið sýnt oft?

Við höfum sýnt leikinn 9 sinnum og farið með sýninguna út um sveitir, t.d. til Blönduóss, Hofsóss,



Þorvaldur Kristjánsson, Hólmfríður Hermannsdóttir og Sigurður Þórisson í hlutverkum sínum.

í Ljósveitningabúð og að Stóru-tjarnarskóla. Og alls hafa 750 manns séð sýningarnar.

Við höfum tekið fyrir 2 einþáttingu, 1976 Happið og háaséið, 1977 tókum við fyrir Kona í morgunslöpp, síðan '78 settum við upp Selurinn hefur mannsaugu, Ég vil fá minn mann '79 og svo núna Allir eru þeir eins.


Hvað er svo framundan hjá ykkur?

Við höldum eitthvað áfram með

sýningar á þessu verki. Þetta er geysileg vinna sem liggur að baki. Leikaðstaða hér í skólahúsinu er frekar slæm, en við lítum björtum augum á framtíðina. Leikfélagið hefur undanfarin ár haldið sínar árshátíðir, en í fyrra féll hún niður vegna mikillar vinnu hjá fólkinu. Stundum er ég ákveðinn að taka ekki þátt í fleiri sýningum, en þetta er líkt og með ávanalyf, maður á bág með að hætta, sagði Sigurður Þórisson bóndi og leikari að Hléskógum, hinu myndarlega býli, að lokum. Vigdís.



Leikarar og leikstjóri í „Allir eru þeir eins“.



Sigurður Þórisson í hlutverki bóndans og Hólmfríður Hermannsdóttir í hlutverki vinkonu sonarins.

Nýjasta skáldsaga Graham Greene er komin út hjá AB

BÓKAKLÚBBUR Almenna bókafélagsins hefur sent frá sér nýjstu skáldsögu Grahams Greenes. Hún hefur hlotið á íslensku titilinn HINN MANNLEGI ÞÁTTUR, og þýðandi hennar er Haukur Ágústsson sóknarprestur að Hofi í Vopnafirði.

Skáldsaga þessi hefur farið sigurför um heiminn síðastliðið ár, en hún kom fyrst út 1978 og var þá af mörgum talin bezta bók ársins í Bretlandi.

Þessi saga Greenes er skrifuð með hliðsjón af njósnamálunum í Bretlandi fyrir nokkrum árum, þegar háttsettir menn í leyniþjónustunni urðu uppvísir að njósnum

en sluppu til landsins sem þeir njósnuðu fyrir áður en reynt var að hafa hendur í hári þeirra.

Greene er þó engan veginn að skrifa um þetta mál og tekur skýrt fram aftan á titilsíðu bókarinnar að sagan sé einbert hugarfóstur höfundar — en bætir við: Skáldsögur mótast af raunveruleikanum.

Þessi njósnasaga verður í höndum Greenes mikið drama um einmanaleik, ótta og leit eftir öryggi annars vegar, — hins vegar um tryggð, þakklæti og hollustu — þó ekki drottinshollustu.

Hinn mannlegi þáttur er 297 bls. að stærð og unnin í Prentstofu G. Benediktssonar.

Sjödagaskotið

Í sjö daga frá þriðjudeginum
11. marz til þriðjudagsins
18. bjóðum við í
Sýningahöllinni aldeilis

makalaus kjör


Við bjóðum
yður að velja
úr 54 mismun
andi tegundum
af hjónarúmum.

Aðeins

100 þús. út
og **80 þús.**

á mánuði
í hvaða
rúmasett
sem er

Komdu í Sýningahöllina



Bíldshöfða 20 — S. 81410 — 81199
Sýningarhöllin — Ártúnshöfða